

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegi 78-80
220 Hafnarfjörður

19. nóvember 2025
UOS2501395/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. október 2025 – Coripharma ehf.

Þann 9. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Coripharma ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Losun efna á lista II samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, er óheimil án sérstakrar heimildar í starfsleyfi. Frávik frá reglugerð 796/1999. Frávikið er opið.

Fjórar ábendingar var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Aðgengi öryggisblaða: Rekstraraðila er bent á að auka aðgengi öryggisblaða.
2. Tæming setþróa: UOS leggur til að á að setþrær verði tæmdar. Þær hafa ekki verið tæmdar um árábil og eru ekki ætlaðar sem langtímageymsla fyrir uppsöfnuð mengunarefni. **Fulltrúi rekstraraðila tilkynnti UOS þann 13. nóvember 2025 að safnþrær hefðu verið tæmdar.**
3. Rétt notkun lekavarna: Huga þarf að fyrirkomulagi geymslu efna þannig að lekavarnir séu nýttar þar sem þeirra er þörf og pláss tryggt fyrir efni í notkun.
4. Aðskilnaður sýra og basa: Endurskoða þarf geymslu í efnaskápum til að tryggja betri aðskilnað og draga úr hættu á efnahvarfi.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Spilliefnagámur á lóð er ekki vatnsheldur og stenst ekki kröfur um örugga geymslu. Frávik frá almennum starfsleyfisskilyrðum um geymslu spilliefna. Frávikið er opið.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur í teymi eftirlits